



Á fundi bæjarráðs þann 25. júní sl. voru lögð fram drög að svörum til samtakanna Betri byggð vegna spurninga sem bárust bæjarstjórn Akraness á íbúafundi þann 28. maí síðastliðinn vegna umsóknar HB Granda um stækkun á húsnæði og starfsemi Laugafisks. Bæjarstjóra var falið að svara erindinu formlega. Svörin eru svohljóðandi:

1. Hvað kostaði vinnan við skýrslu VSÓ ráðgjafar?

Vinna VSÓ vegna ofangreindrar skýrslu er komin í um 2.9 mkr. fyrir utan vsk. VSÓ á eftir að senda reikning vegna íbúafundarins sem haldinn var 28.maí s.l.

2. Hefur Akraneskaupstaður fjallað um skýrslu VSÓ? Er til fundargerð eða samantekt?

Fjallað var um drög að skýrslunni á sameiginlegum fundi bæjarstjórnar, bæjarráðs og skipulags- og umhverfisráðs þann 20. apríl síðastliðinn sbr. meðfylgjandi fundargerð.

3. Hver eru viðurlögin ef fyrirtækið brýtur starfsleyfið?

Leyfisveiting og eftirlit vegna slíkrar starfsemi er á hendi heilbrigðiseftirlits í hverju umdæmi fyrir sig. Almenn gildir að ef rekstraraðili fylgir ekki ákvæðum starfsleyfis eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur leyfisveitandi/eftirlitsaðili beitt ákvæðum laga til að knýja á um framkvæmd úrbóta eða mælinga.

4. Það eru til Evrópureglugerðir um svona lyktarmengun, þessar reglugerðir gilda einnig á EES svæðinu. Hafa þessar reglugerðir verið skoðaðar og þekkja aðilar kröfur þeirra?

Um þennan þátt vísast til svars við lið númer þrjú.

5. Af hverju hefur Akraneskaupstaður ekki gert kröfu um umhverfisstjórnun hingað til, gagnvart HB Granda (öðrum fyrirtækjum)? Samkvæmt skýrslu VSÓ er hún ekki til staðar hjá HB Granda.

Akraneskaupstaður hefur ekki lagalegar forsendur til að setja fram kröfu gagnvart HB Granda eða öðrum fyrirtækjum um vottað umhverfisstjórnunarkerfi. Það er á ábyrgð stjórnvalda að hvetja til aukinnar umhverfisverndar til dæmis með lagasetningu.



6. **Geta íbúar sem búa við lyktarmengun farið fram á að Akraneskaupstaður kaupi eignir þeirra ef af stækkun verður?**

Engin áætlun er um slík uppkaup af hendi Akraneskaupstaðar.

7. **Er fyrirhugað að framkvæma áhættumat hvað varðar streitu og heilsufarsáhrif íbúa?**

Ákvörðun um slíkt áhættumat liggur ekki fyrir.

8. **Er fyrirhugað að athuga hvaða áhrif stækkun hefur á annan atvinnurekstur?**

Ákvörðun um slíka athugun liggur ekki fyrir.

9. **Nú ætlar Akraneskaupstaður að láta gera fyrir sig fólksfjölgunarspá. Verður fyrirhuguð stækkun fiskþurrkunar inni í þeirri spá?**

Vífill Karlsson, dósent við Háskólann á Akureyri og atvinnuráðgjafi hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur unnið mannfjöldaspá fyrir Akranes fyrir árin 2020 og 2025 og er hún aðgengileg á heimasíðu Akraneskaupstaðar. Ekki er sérstaklega vikið að stækkun fiskþurrkunarinnar í spánni.

10. **Er búið að taka ákvörðun?**

Ekki liggur fyrir nein ákvörðun um umsókn HB Granda varðandi stækkun Laugafisks.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Akraness

Regína Ásvaldsdóttir

bæjarstjóri